

Samstarfssamningur BSE, BSSP og BSNP

1. grein.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga og Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga gera með sér svohljóðandi samstarfssamning um ráðgjafafjónustu á starfssvæðum sínum.

2. grein.

Tilgangur þessa samstarfssamnings er sameining ráðgjafafjónustu fyrir bændur á Norðurlandi eystra. Þjónusta skal veitt á þeim sviðum sem lög og reglur kveða á um og hagkvæmt þykir hverju sinni.

Með þessum samstarfssamningi er markmiðið að efla og bæta ráðgjöf til bænda. Þeim tilgangi hyggjast aðilar ná með aukinni þátttöku framkvæmdastjóra og stjórnar í markvissri verkaskiptingu milli starfsmanna og skipulagningu á afmörkuðum átaksverkefnum.

3. grein.

Bændur skulu hafa sem jafnasta aðstöðu til að nýta sér ráðgjafafjónustuna. Þjónustan skal m.a. veitt með skipulögðum heimsóknum ráðunauta til bænda, viðveruskyldu þeirra á ákveðnum stöðum, eða á hvern þann hátt er stjórnendur telja best.

Stefnt skal að því að tveimur stöðugildum sé sinnt af starfsmönnum staðsettum í Þingeyjarsýslum.

4. grein.

Samstarfsvekefni þetta skal fjármagnað á eftirfarandi hátt:

1. BSSP og BSNP greiða BSE framlög samkvæmt búnaðarsamningi, og 90% af búnaðargjaldi til að kosta þessa starfsemi.
2. Allar sértekjur sem starfsemin aflar renna til hennar.
3. Að öðru leyti skal BSE standa undir öllum kostnaði af starfseminni.

5. grein.


Stjórnir búnaðarsambandanna bera ábyrgð á yfirstjórn verkefnisins. Stjórn BSE og stjórnarformenn BSSP og BSNP mynda framkvæmdastjórn sem ræður framkvæmdastjóra sem sér um verkstjórn og daglegan rekstur verkefnisins.

6. grein.


Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2011. Formenn búnaðarsambandanna samþykkja samning þennan með fyrirvara um samþykki aðal- eða fulltrúafunda búnaðarsambandanna 2011. Hafni eitthvert búnaðarsambandið samningnum gildir eldri samningur um ráðgjafafjónustu til 31.12.2011. Samningur þessi er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara og skulu slit á samningnum eiga sér stað um áramót.

Staður og dagsetning: Akureyri 31. desember 2010.


Formaður BSE
Sigurgeir Hreinsson



Formaður BSSP
Jón Benediktsson



Formaður BSNP
Einar Ófeigur Björnsson



Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök. Eitt er eign Búnaðarsambands Norður - Þingeyinga, annað er eign Búnaðarsambands Suður - Þingeyinga og það þriðja er eign Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Þetta er eintak Búnaðarsambands Eyjafjarðar.